



Svar við fyrirspurn

Efni: Fyrirspurn um tímabundna breytingu á innheimtureglum
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrirspurn:

Reykjavíkurborg kynnti fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum vegna COVID-19 í mars 2020, þar sem tímabundnar breytingar á innheimtureglum voru m.a. boðaðar. Gildistími reglnanna var til 31. desember 2020, þar var m.a. hægt að óska eftir að lengja eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna á gildistíma reglnanna. Einnig var hægt að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar, Momentum. Hversu margir hafa nýtt sér þessi úrræði og fyrir hversu margar kröfur?

Svar:

Varðandi að lengja í eindaga í allt að 90 daga á allt að þremur kröfum í hverjum gjaldaflokki almennra krafna þá hafa 12 aðilar nýtt sér það og lengt í alls 27 kröfum. Þessar kröfur tengjast öllum sviðum borgarinnar.

Varðandi að hægt væri að óska eftir allt að 6 mánaða greiðsludreifingu á almennum kröfum í samráði við innheimtuaðila Reykjavíkurborgar, Momentum, þá hafa hafa 36 aðilar nýtt sér greiðsludreifingu á 246 kröfum útgefnum af skóla- og frístundasviði.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*